

Ad.

100. Framvarp

til laga um sölu á þjóðjörðinni Borðeyri í Strandasýslu.

Flutningsmaður: Magnús Pjetursson.

Heimilt skal ríkisstjórninni að selja núverandi ábúanda þjóðjörðina Borðeyri í Strandasýslu. Jörðina skal selja með sömu skilmálum og aðrar

Þjóðjarðir hafa verið seldar, en undan skal taka hæfilega stóra landspildu til afnota fyrir Borðeyrarkauptún.

Greinargerð.

Samkvæmt 2. gr. þjóðjarðasölulaganna getnr ábúandinn á Borðeyri ekki fengið ábýlisjörð sína keypta, nema með sjerstökum lögum, vegna þess að Borðeyrarkauptún er bygt í landi jarðarinnar. Nú er þannig háttað með þetta kaup-tún, að staðhættir gera það að verkum, að óhugsandi er að það eigi fyrir sjer nokkurn vöxt eða frekari framfarir, sem nokkru máli geti skift í þessu efni.

Það virðist því formsatriði eitt að leyfa þessum manni að ná kaupum á ábýlisjörð sinni, engu síður en ýmsum öðrum landsetum ríkisins, sem þegar hafa fengið jarðir sínar keyptar, þar sem stjórnin hefir í hendi sjer að sjá um, að kaup-túnið líði ekki neinn бага við söluna. Enda mun mjög auðvelt að skifta landi milli kaup-túnsins og jarðarinnar eins og þar á stendur.

Maður sá, sem nú býr á jörð þessari, hefir búið þar í 17 ár. Hefir hann setið jörðina atburðavel og gert á henni margar og miklar umbætur, svo að fáir leiguliðar munu á við hann jafnast í því. Virðist hann því enn maklegri þess að fá eignarrjett yfir jörðinni.

Sýslunefnd Strandasýslu hefir fyrir sitt leyti ekkert sjeð við sölu jarðar þessarar að athuga, með skilyrði því, er frv. tiltekur. Að öðru leyti vísast til skjala þeirra, er fyrir Alþingi liggja, og mun væntanleg nefnd einkum taka þau til athugunar.